Fundargerð 13. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur, 7. júlí 2026 kl. 20-21:30.

Mætt: Halldór Kolbeins, Pétur Gauti Valgeirsson, Þór Bínó Friðriksson, Soffía Sóley Helgadóttir, Bryndís Kristjánsdóttir og Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Næsti fundur: 1. september ´26, staðfundur á 9. hæð í Húsi verslunarinnar kl. 10-14 - mögulega endurskoðað.

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Fundur settur kl. 20.09. Halldór stýrir fundi. Örvar lét vita á síðasta fundi að hann yrði fjarverandi á þessum.

Fundargerð 12. fundar

Samþykkt og send til undirritunar.

Verkefni, staðan

Auknar fjárhæðir verða settar í markaðssetningu næsta vetur.

1. Fundur í byrjun júní með SAF og SA. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri VR og starfskraftur deildar hittu fulltrúa SAF og SA og fóru yfir bókanir í kjarasamningi.
   Hæfnigreiningar. SA sótti það að við færum yfir þetta, en þetta var sett inn í samninga hjá starfsfólki í veitingageiranum, ákveðið að setja þetta í bókun hjá leiðsögufólki. Þetta verður skoðað í haust á vinnufundi. Í bókun er nefnt að setja þurfi niður hvaða störf falli undir samninginn, spurt er hvort það sé óljóst. Já, deilt er um t.d. hvort kafarar í Silfru, starfsfólk á hvalaskoðunarskipum og einhver ævintýraleiðsögn falli undir leiðsögusamning eða afþreyingu hjá SGS.
   Veikindarétturinn. Umræða um veikindarétt er í gangi í stærra samhengi og okkar umræða fer ekki mikið lengra fyrr en niðurstaða hefur fengist úr þeirri umræðu. Munum þó taka saman hvaða annmarkar eru á veikindaréttinum fyrir leiðsögufólk og taka upp með SA í vetur, s.s. að fólk í norðurljósaferðum virðist ekki ávinna sér veikindarétt þar sem hann ávinnst einungis á dagvinnu.
   Gerviverktakan. Rætt hvað búið er að gera. Heyrist í kringum okkur að verktakagreiðslur virðast hafa hækkað nema hjá einstökum undirverktökum. Virðist sem fyrirtækin séu farin að nota

reiknivélina á vr.is. Á mögulega meira við þau sem vinna á virkum dögum heldur en þau sem vinna um helgar.
Öryggi. Samtal við stjórnvöld. Það veit enginn hvað ráðuneytið er að gera en búist er við tillögum á fyrstu dögum þingsins í haust. Verið að taka í gegn margt sem viðkemur lögum um ferðaþjónustuna en svo virðist að ekki sé verið að tala við fyrirtæki og starfsfólk. Beðið eftir því hvað kemur og tekið þaðan.
Góður fundur. Fyrstu vinnustaðaeftirlit í sumar sýna þó að enn eru gríðarleg brot, virðist einbeittur brotavilji hjá sumum, s.s. að ekki sé greitt fyrir ákveðna daga, rangur taxti greiddur, starfsfólk látið keyra bíla sem þau hafa ekki réttindi á. Fólk sammála því að hefja samtal í haust. Tökum fund í byrjun september að undirbúa veturinn gagnvart kjarasamningi.

2. Fundur með ferðaskrifstofunefnd SAF. Formaður fór ásamt starfsfólki VR og ASÍ á fund hjá SAF. Farið var yfir útkomuna úr vinnustaðaeftirlitinu sumar 2025. Góður fundur og gott samtal. Kom fram að það er mikill pirringur á sjóræningjastarfsemi. Þurfum að stilla okkur saman gegn hinu opinbera til að vernda okkar störf.
3. Heimsókn á Geysi. Halla, Halldór og Heiða fóru á Hótel Geysi í dag til spjalls við leiðsögufólk á svæðinu. Heimsóknin hafði verið kynnt leiðsögufólki á FB síðu deildarinnar. Góð byrjun á samtali við félagsfólk. Gaman að koma á þeirra svæði, gátum kynnt VR og heyrt hvað er að gerast hjá leiðsögufólki. Fólk virtist ánægt með sitt starf, sumir sín kjör en aðrir ekki eins ánægðir með þær greiðslur sem þau eru að fá og eru jafnvel að vinna sem verktakar með greiðslur undir lágmarkskjörum.
4. Reiknivélin á vr.is. Áður var útbúin reiknivél á heimasíðu deildar með útreikningi á hvað leiðsögufólk í verktöku þarf að rukka fyrir ferð til að geta greitt sér laun skv. kjarasamningi. Nú hefur verið útbúin eins reiknivél fyrir launafólk. Hún skoðuð.
5. Stjörnu-Sævar 17. september kl. 17. Stefnt er að námskeiði með Stjörnu-Sævari fimmtudaginn 17. september, með sama hætti og námskeiðið var í vor. Vilji er til að setja niður 2-3 önnur námskeið yfir veturinn, hugmyndir eru vel þegnar. Viljum við t.d. fá Einar S, veður og færð, í nóvember? Það verður þá fræðsla í september, aðalfundur í lok október, Einar í nóvember, stjórn skipuleggur jólakaffi í desember og svo mögulega tvö námskeið á vormánuðum? Sett var inn færsla á FB hópinn hvort fólk hafi hugmyndir um fræðslu en engin viðbrögð hafa komið við því.

Spurt hvort fólk hafi heyrt um áhrif ESB á ferðaþjónustu, fólk kannast ekki við það.

Skyndihjálparnámskeið 2027

Hugmyndin er að VR geri samstarfssamning við Rauða krossinn sem gerir félagsfólki VR kleift að bóka sig á 4 klst. skyndihjálparnámskeið inn á vefsvæði Rauða krossins. Félagsfólk VR fær 50% afslátt með afsláttarkóða VR og leggur sjálft út sem nemur 50% af námskeiðgjaldinu. Félagsfólk VR getur sótt um styrk sem nemur 90% námskeiðskostnaðar í gegnum mínar síður á vr.is. Með þessum hætti getur félagsfólk valið sér dags-, tíma- og staðsetningu, sem og tungumál, sem því hentar. Námskeiðin verða því haldin hjá Rauða krossinum en VR auglýsir fyrirkomulagið og hvetur sitt félagsfólk að skrá sig.

Fyrirkomulagið verður virkt frá hausti 2026.

Spurt hvort hægt sé að gera slíkt hið sama varðandi endurmenntunarnámskeið sem ökuleiðsögufólk þarf að taka sér til endurmenntunar. Þau munu ekki sækja 4 klst. námskeiðið. Það var ekki boðið upp á

þau námskeið hjá Leiðsögn enda tiltölulega nýlega sem þessi krafa kom inn. Rauði krossinn heldur ekki þau námskeið en þetta verður skoðað.

Atvikavaktin

Stjórnarfólk og starfskraftur deildar fór á kynningu á Atvikavaktinni, miðlægu skráningarkerfi Ferðamálastofu sem ætlað er til að safna upplýsingum um slys og önnur atvik í ferðaþjónustu. Markmiðið er að auka yfirsýn yfir áskoranir starfsfólks í ferðaþjónustu og reyna að fyrirbyggja alvarleg atvik. Leiðsögufólk er það sem þarf eflaust hvað helst að skrá atvikin og því er því boðið á fjarnámskeið fyrir kerfið. Bent var á að gott geti verið að hafa þau að kvöldi til svo þeim námskeiðum hefur verið bætt við. .

Umræða um Atvikavaktina. Sumir sjá ekki fyrir sér að þau munu ekki nýta kerfið því það sé viðbót við önnur skráningarkerfi sem fyrirtækin eru með. Kerfið sé flott en Ferðamálastofa getur ekki velt vinnunni á leiðsögufólk heldur þarf hún að fá fyrirtækin til að vinna með kerfið. Fyrirtækin ættu sjálf að sjá um skráningu út frá atvikaskráningu leiðsögufólks fremur en að leiðsögufólk skrái beint í kerfið. Fólk sér ekki fyrir sér að fyrirtækin hætti þeirri skráningu sem það er með og því verður þetta viðbót. Upplifun leiðsögufólks að Ferðamálastofu velti vinnunni á leiðsögufólk. Mögulega þurfi að gera ályktun um þetta á vinnufundi í september. Það á að vera nóg að leiðsögufólk skrái hvert atvik einu sinni, Ferðamálastofa ætti að pressa meira á ferðaþjónustufyrirtækin að taka kerfið upp heldur en á leiðsögufólk að skrá í það. Ef ferðaskrifstofurnar eru með annað forrit þarf það að smíða tengingar til að lesa úr þeirra kerfum. Erfitt þegar um erlend fyrirtæki er að ræða.

Farið yfir markmið forritsins – að fyrirbyggja slys, hvar og hvenær þau verða. Áður hafa blöðin/skýrslurnar dagað uppi í einhverjum skúffum. Einnig að mælaborð verði sýnilegt á heimasíðu þar sem fólk getur séð tölfræði atvika.

Miklar kröfur um skýrslur núna, meiri skriffinska en áður var án þess að upp komi aukaleg greiðsla.

Önnur mál

Næsti fundur skráður 1. september, staðfundur kl. 10-14. Margir uppteknir þá, finna þarf nýjan tíma mögulega eftir 9. september til að ná góðum vinnufundi.

Fundi slitið kl. 21.01.